

Fundargerð

Árið 2023, fimmtudaginn 8. júní kl. 14:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar að Suðurlandsvegi 1 á Hellu í Rangárþingi ytra.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson (með Teams fjarfundarbúnaði), og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Gústav Aron Gústavssyni, og Ragnari Ágústi Róbertssyni, sem ritaði fundargerð.

Friðjón Einarsson boðaði forföll.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 8. maí 2023.

Fundargerð frá 8. maí 2023 var samþykkt án athugasemda.

2. Framlög vegna lækkaðra tekna af fasteignaskatti

Áætlað uppgjör framlaga 2023

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu 2. áætlun fasteignaskattsframlaga vegna ársins 2023. Tillaga að áætluðu uppgjóri framlaganna á árinu 2023 byggir á upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands um álagningarstofna fasteignaskatts í sveitarfélögum 31. desember 2022 ásamt upplýsingum um álagningaprósentur og upplýsingum sveitarfélaga um afslætti til elli- og örorkulífeyrisþega, sem gilda fyrir árið 2023. Áætlað uppgjör er byggt á fjármagni til ráðstöfunar á árinu að fjárhæð 6.244.445.000 kr. Til greiðslu hafa komið 3.747 m.kr. og áætlað uppgjör framlaganna fer fram mánuðina júní til september 2023 með jöfnum greiðslum samtals að fjárhæð 2.498 m.kr. eða 625 m.kr. í hvert sinn.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja 2. áætlun fasteignaskattsframlaga vegna ársins 2023 að fjárhæð 6.244.445.000 kr.

3. Efling tónlistarfræðslu

Framlög 2023-2024 – 1. grein

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu áætlun um framlög til eflingar tónlistarnáms skólaárið 2023-2024, skv. 2. mgr. 1. gr. reglna um um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðumun nemenda, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi.

Á grundvelli 3. gr. reglnanna ber sveitarfélögum að senda skrá um nemendur sem stunda eða hafa stundað tónlistarnám á yfirstandandi skólaári sem fellur undir 2. mgr. 1. gr. Á grundvelli þeirra upplýsinga um kennslumagn á yfirstandandi skólaári, sbr. 3. gr., birtir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga upplýsingar um skiptingu framlaga milli sveitarfélaga vegna kennslu nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng, skv. 2. mgr. 1. gr. að teknu tilliti til fjármagns sem er til úthlutunar hverju sinni.

Við útreikning á kennslumagni eru raunverulegar kennslumínútur umreiknaðar yfir í einingar út frá stuðlum í kjarasamningi tónlistarkennara. Fjármagn hvers árs er greitt úr ríkissjóði skv. samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 29. mars 2022. Framlög ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð vegna eflingar tónlistarnáms er 679,1 m.kr. á árinu 2023.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja áætlun um skiptingu framlaga vegna tónlistarnáms á skólaárinu 2023-2024 að fjárhæð 660.100.000 kr.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLA

4. Vefsíðan Næsta skref 3.0

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um verkefnið og beiðni um framlag úr Jöfnunarsjóði

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 22. maí 2023, þar sem óskað er eftir sérstöku framlagi til 5 ára úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til reksturs og þróunar á vefnum Næsta skref 3.0.

Næstu skref er vefur sem er mikið notaður í grunnskólum landsins og þá sérstaklega af náms- og starfsráðgjöfum og nemendum. Um er að ræða eina virka gagnagrunnin með heildstætt yfirlit yfir störf í íslensku samfélagi og námsleiðir þar að baki. Gagnsemi vefsins er mikil fyrir íslenskt samfélag og hefur sambandið fengið margar áskoranir þess efnis að aðstoða við að halda vefnum uppi og þróa hann frekar.

Samband íslenskra sveitarfélaga kom með erindi sínu á framfæri, í samvinnu við mennta- og barnamálaráðuneytið og félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytið, ósk um 7 milljón kr. styrk til 5 ára úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að tryggja „Næsta skref“. Sambandið mun eiga fulltrúa í ritstjórn vefsíðunnar ásamt Menntamálastofnun og félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.

Jöfnunarsjóður gæti veitt framlag vegna þessa verkefnis á grundvelli 8.gr. reglugerðar nr. 351/2002 um grunnskólaframlög.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að samþykkja veitingu framlags vegna verkefnisins Næsta skref 3.0 að því gefnu að samkomulag liggi fyrir. Þá var starfsmönnum sjóðsins falið að óska eftir árlegri skýrslu um framvindu verkefnisins.

YFIRFÆRSLA Á MÁLAFLOKKI FATLAÐS FÓLKS

5. Almenn framlög vegna málefna fatlaðs fólks

Enduráætlun framlaga 2023 – 3. áætlun

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu þriðja áætlun framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2023 ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi. Áætlun drög gera ráð fyrir því að framlög ársins nemi 27,4 milljörðum króna og hækki um 5,5 milljarða á milli ára, en fjárhæðin er óbreytt frá annarri áætlun.

Frá annarri áætlun eru helstu breytingar að:

- Gagnagrunnur JS hefur verið samkeyrður við þjóðskrá, út teknir þeir sem létust á fyrstu níu mánuðum 2022 og lögheimilissveitarfélag 1.1.2023 skráð.

- Gagnagrunnur JS hefur verið samkeyrður við SIS-grunn Ráðgjafar- og greiningastöðvar og nýjasta SIS-A mat skráð.
- Nýliðun og uppfærðum kostnaðartölum notenda safnað frá þjónustusvæðum.

Greiðslur reiknast vegna 1.550 einstaklinga samanborið við 1.486 einstaklinga í annarri áætlun 2023 og 1.517 einstaklinga í endanlegum framlögum 2022. Af þessum 1.550 er greitt með 1.258 á grunni SIS mats og 292 á grunni kostnaðar.

Framlögin reiknast eftir sem áður í hlutfalli við þrjár stoðir:

- Jöfnun á grunni stuðningsþarfar 88%
- Vægi útsvars 10,75%
- Innviðir 1,25%

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja 3. áætlun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk 2023 að fjárhæð 27,4 ma.kr.

6. Regluverk Jöfnunarsjóðs vegna fatlaðs fólks

Hugmyndir að breytingum

Lagt var fram til umfjöllunar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 6. júní 2023, þar sem kynntar voru ýmsar tillögur að breytingum á úthlutunarreglum almennra framlaga vegna fatlaðs fólks í reglugerð 192/2023 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk.

Tillögurnar eru eftirfarandi:

1. Raunkostnaður, sbr. 5-6. setningaliður 2. mgr. II hluta 3. gr., hætti að vera lagður til grundvallar framlögum jöfnunarsjóðs.
 - a. Vegna barna verði miðað við samræmda stuðningsþörf SIS-C, við ákvörðun framlaga.
 - b. Vegna fullorðinna verði notast eingöngu við samræmda stuðningsþörf SIS-A. Sé af einhverjum ástæðum ómögulegt að miða við SIS-A mat, til dæmis ef notandi neitar að gangast undir matið verði miðað við flokk 5 í SIS-A mati vegna framlaga.
2. Útsvarstengingu framlaga verði hætt.

- a. Framlag verði ekki lengur veitt á grundvelli eigin útsvars sbr. b. lið 1. mgr. I. hluta 3. gr.
 - b. Frádrætti 0,25% beinnar hlutdeildar sveitarfélags í útsvarsstofni sbr. 3. tl. 1. mgr. III. hluta 3. gr. verði hætt.
3. Sett verði inn viðmiðunardagsetning vegna samræmds stuðningsmats ársins, t.d. 1. október.

7. Fasteignasjóður

Framlög vegna aðgengismála

Frestað til næsta fundar.

8. Skálatún – fjárhagslegt uppgjör

Samningar

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs lagði fram til kynningar samkomulag milli innviðaráðuneytisins, mennta- og barnamálaráðuneytisins og Mosfellsbæjar varðandi málefni Skálatúns.

9. Reykjadalur – samkomulag 2023

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra (SLF) vegna Reykjadals 2023. Óskað er eftir endurskoðun á framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna mikillar hækkunar á kostnaði við rekstur í kjölfar launahækkana og kostnaðarauka vegna styttingu vinnutíma. Starfsmenn Reykjadals starfa skv. kjarasamningum Sameykis. Ekki er búið að semja við Sameyki en í erindinu kemur fram að gert er ráð fyrir u.þ.b. 8,4% hækkun launa árið 2023.

Fram kom að framlag sjóðsins til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra vegna Reykjadals er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða framlag sem tengist verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna tónlistarskóla og nemur framlagið 40,2 m.kr. á árinu 2023. Framlagið sem tengist yfirfærslu fatlaðs fólks nam á árinu 2022 82,7 m.kr.

Beiðni Styrktarfélagssins um framlög á árinu 2023 nemur 148 m.kr. og því þyrfti framlagið er tengist yfirfærslu málaflokksins að nema yfirfærslunni að nema 108 m.kr. Fram kom að ekki hafi borist fullnægjandi rekstraráætlun vegna ársins 2023.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að hækka framlagið er lítur að yfirfærslu fatlaðs fólks er nemur hækkun launavísitölu eða um 9,5%. Framlagið mun því að lágmarki nema 90,5 m.kr. á árinu 2023 en verði tekið til endurskoðunar um leið og betri upplýsingar um rekstur Reykjadal liggja fyrir vegna ársins 2023. Starfsmanni Jöfnunarsjóðs var því falið að óska eftir ítarlegri upplýsingum um greiningu á rekstri Reykjadal árið 2023.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 15:13.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir

